

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Víkurheiði I, Selfossi, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 4. október 2023, tillögu að breyttu deiliskipulagi Víkurheiðar I á Selfossi.

Breytingar taka til lóðanna Víkurheiði 1, 3, 5, 13-15 (sameinast og verður lóð 13), 17, 18, 19, 20, 21 og 22. Breytingarnar felast í því að laga byggingarreiti og lóðir betur að niðurstöðu nýlegrar jarðvegsrannsóknar á svæðinu. Samfara því er byggingarmagn og nýtingarhlutfall aukið og aðlagð að eftirspurn framkvæmdaraðila almennt. Að öðru leyti en að ofan greinir gilda skilmálar eldra skipulags, með síðari breytingum.

Skipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 30. október 2023.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. október 2023